

Sjálfsmatsskýrsla Gerðaskóla skólaárið 2024 - 2025



Efnisyfirlit

Inngangur	3
2. Skólinn	3
3. Skóla- og menntastefna	4
Mennta- og tómstundastefna Suðurnesjabæjar	4
Skólastefna Gerðaskóla	4
4. Viðfangsefni mats	5
Matsáætlun 2025-2029	5
Ytra mat	5
Innra mat	6
5. Niðurstöður	7
Samskiptadagur	7
Skólaráð	8
LOGOS-skimanir	8
6. bekkur	8
9. bekkur	9
Talnalykils-skimun	8
3. bekkur	9
6. bekkur	9
Skólapúlsinn	10
Nemendakönnun	10
Starfsmannakönnun	12
Annað mat	16
Lestrarskimanir	16
Íslenska æskulýðsrannsóknin	18
Tengslakönnun nemenda	23
Starfsmannasamtöl	23
Umbótaáætlun Gerðaskóla 2025-26	24
Lokaorð	27

Inngangur

Samkvæmt VIII kafla í lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) skal reglulega fara fram mat og eftirlit með gæðum skólastarfs en hverjum skóla ber að framkvæma sjálfsmat á starfsemi sinni árlega og birta upplýsingarnar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur. Tilgangur sjálfsmatsins er að leggja grunn að sívirku umbótastarfi í skólanum, greina þarfir hans fyrir breytingar og umbætur með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Markmiðið er að styrkja innviði starfsins, draga fram það sem vel er gert og benda á það sem betur má fara.

Núverandi sjálfsmatsáætlun Gerðaskóla gildir fyrir árin 2025 - 2029. Í áætluninni er lögð áhersla á að uppfylla þau markmið sem sett eru skv. lögum og reglugerðum en einnig horft til þátta sem matsfræðin leggur áherslu á. Þessu til viðbótar er horft til viðmiðunarlista vegna ytra mats skóla sem gert er af Námsmatsstofnun fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Sjálfsmatið í Gerðaskóla er tvíþætt, annars vegar er um að ræða ytra mat sem aðilar utan skólans framkvæma svo sem kennsluráðgjafi frá Fræðsluskrifstofu Suðurnesjabæjar og starfsmenn Menntamálastofnunar. Hins vegar er um að ræða svokallað innra mat sem starfsfólk skólans framkvæmir. Það síðarnefnda tengist daglegu starfi skólans en eins og hægt er að sjá í matsáætlun skólans þá eru mismunandi atriði matsins lögð fyrir yfir skólaárið. Niðurstöðurnar eru meðal annars nýttar til þess að efla þekkingu kennara á stöðu nemenda og auka hæfni þeirra til þess að mæta þörfum nemenda og til þess að auka vitund stjórnenda á stöðu mála hjá starfsfólki og nemendum.

2. Skólinn

Séra Sigurður Brynjólfsson Sívertsen stóð fyrir stofnun barnaskóla í Gerðum eða Gerðaskóla, árið 1871 en starfsemi skólans hófst formlega árið 1872. Fyrsta skólahúsið var staðsett við fjörukambinn á Gerðum, svo var skólinn fluttur í Miðhús og seinna á Útskála en árið 1910 hófst bygging skólans á núverandi stað og starfsemi hans hófst hér árið 1911. Síðan þá hefur verið byggt við skólann sjö sinnum og áttunda stækkunin er að mestu komin í gagnið. Vígðar voru þrjár nýjar stofur í ágúst 2021. Smíða- og textílstofa voru svo vígðar haustið 2022. Þá er óráðstafað rými á efri hæð nýbyggingar sem áætlað er að rúmi fjórar kennslustofur ásamt millirýmum.

Öll starfsemi skólans fyrir utan skólaíþróttir fer fram í núverandi húsnæði en auk bekkja- og verkgreinastofa eru námsver, bókasafn, tækniver, velferðarstofa og matsalur í húsinu. Í flestum bekkjastofum eru millirými þar sem hægt er að vinna með minni nemendahópa. Þá er tónlistarskólinn með aðstöðu í tónmenntastofunni. Ásamt því að þroskaþjálfari, kennsluráðgjafi, talmeinafræðingur, náms- og starfsráðgjafi og hjúkrunarfræðingur eru með rými fyrir starfsemi sína. Kennslustofa fyrir íslensku sem annað tungumál er í elsta hluta skólans. Í einum hluta byggingarinnar er aðsetur fyrir stjórnendur, vinnurými fyrir kennara og kaffistofa starfsmanna ásamt skrifstofustjórarými, ljósritunarherbergi og fundaherbergi. Deildarstjóri stoðþjónustu og ráðgjafarþroskaþjálfari deila þar einnig skrifstofu.

Gerðskóli er einsetinn skóli en vorið 2024 voru 248 nemendur í skólanum í 1. - 10. bekk, í samtals tíu bekkjardeildum. Starfsmenn skólans voru 69 talsins þar af 29 kennarar, 15

stuðningsfulltrúar og fimm af þeim tilheyra líka skólagæslunni, fimm skólaliðar, tveir starfsmenn skólagæslunnar, tveir verkefnastjórar, tveir þroskaþjálfar, bókasafnsvörður, skrifstofustjóri og umsjónamaður fasteigna. Stöðugildi starfsmanna er frá 25 – 100%. Í stjórnendateymi skólans eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri fagstarfs og deildarstjóri stoðþjónustu. Auk þessara starfsmanna eru skólahjúkrunarfræðingur með aðsetur í skólanum tvo daga í viku og starfsmenn Fræðsluskrifstofu Suðurnesjabæjar sem sinna athugunum vegna nemenda. Þá er skólinn í góðu samstarfi með leikskólanum Gefnarborg, Tónlistarskólanum í Garði og Fjölbrautaskóla Suðurnesja ásamt því að skólinn er í samstarfi við Fjölskyldusvið bæjarins.

3. Skóla- og menntastefna

Mennta- og tómstundastefna Suðurnesjabæjar

Mennta- og tómstundastefna Suðurnesjabæjar markar framtíðarsýn í mennta- og tómstundamálum og á erindi til alls samfélagsins. Stefnan setur skýran ramma um áherslur í málaflokkunum: Jöfn tækifæri fyrir öll, lærdómssamfélag, hæfni til framtíðar, heilsueflandi samfélag og gæði í forgrunni. Meginmarkmið stefnunnar er að ná fram eftirsóknarverðum árangri til þess að öll hafi tækifæri til að auka við færni sína. Lykilþættirnir leggja grunn að framtíðarsýn íbúa samfélagsins. Stýrihópur var myndaður á haustmánuðum 2020 sem leiddi verkefnið. Notast var við ábendingavefinn „Betri Suðurnesjabær“ þar sem íbúar höfðu tækifæri til að hafa áhrif á mótun stefnunnar. Jafnframt var rýnt í starfshætti mennta- og tómstundastarfs og lagt mat á hvað væri mikilvægt að horfa til í nýrri stefnu. Stefnan var samþykkt í bæjarstjórn í apríl 2024. Í kjölfarið var myndaður verkefnahópur sem vann aðgerðaáætlun fyrir árin 2024 – 2027. Vinna við seinni aðgerðaáætlun mun fara fram árið 2027.

Suðurnesjabær er heilsueflandi samfélag þar sem starfandi eru tveir leikskólar, tveir grunnskólar, tvö frístundaheimili, tveir tónlistarskólar, fjórar félagsmiðstöðvar, þar af tvær fyrir eldri borgara, og vinnuskóli fyrir ungmenni yfir sumartímann. Skólarnir móta sjálfir megináherslur í skólastarfi en ætlast er til að þeir taki mið af mennta- og tómstundastefnu Suðurnesjabæjar og aðalnámskrám leik-, grunn- og tónlistarskóla. Áhersla er lögð á að fylgja markmiðum barnasáttmála- og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Farsæld barna er höfð að leiðarljósi þar sem leitast er við að skapa börnum skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðislegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar. Gert er ráð fyrir því að mennta- og tómstundastefna Suðurnesjabæjar verði endurskoðuð að minnsta kosti einu sinni á gildistíma hennar.

Hér er hægt að skoða stefnu sveitafélagsins í heild sinni:

[Mennta og tómstundastefna | Suðurnesjabær](#)

Skólastefna Gerðaskóla

Gerðaskóli starfar samkvæmt skilgreiningu um skóla án aðgreiningar sem felur í sér viðurkenningu á einstaklingsmun og rétti hvers nemanda til að stunda nám innan félagsheildar bekkjarins samkvæmt námskrá og með aðferðum sem styrkja sjálfsmynd hans og auka sjálfstæði. Skóli án aðgreiningar er ekki sérmál einstakra kennara heldur skólans alls.

Skólastefna Gerðaskóla lýtur að nemendum og námi þeirra, þ.e. hlutverki skólans sem grunnskóla. Í Gerðaskóla eru aðstæður eins öruggar og uppbyggjandi og kostur er svo hver

nemandi fái kennslu við hæfi og þroskist í samræmi við getu. Fjölbreytni í skólastarfinu er mikilvæg til þess að ná til allra nemenda þegar skipuleggja þarf nám við hæfi hvers og eins.

Nám eru aðstæður þar sem nemandinn er ekki aðeins vitsmunalega virkur heldur einnig tilfinningalega og líkamlega, markmiðin skýr og hluti af stærra samhengi. Námið hefst í spurn og áhuga og leiðir til rannsókna á því hvaða lausnir eru mögulegar.

Gerðaskóli vill rækta tengsl við umhverfi sitt og þá sem þar búa. Starfsfólk vill stuðla að því að nemendur, foreldrar og aðrir íbúar í sveitarfélaginu líti skólann og starfið þar jákvæðum augum og geti átt þangað erindi til afþreyingar og fræðslu utan hefðbundins skólatíma til hagsbóta fyrir sjálfa sig og samfélagið sem skólinn þjónar.

Einkunnarorð Gerðaskóla: Virðing – ábyrgð – árangur - ánægja

4. Viðfangsefni mats

Mat á starfi skóla hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna og ungmenna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og er hér kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og barnamála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

Markmið mats og eftirlits er einkum þríþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Sjálfsmatsáætlun Gerðaskóla var sett upp til fimm ára og gildi til vorsins 2029, hún er birt á heimasíðu skólans. Vegna sérstakra aðstæðna og mannbreytinga í stjórnunarteymi skólans hefur ný áætlun ekki verið unnin. Ný sjálfsamtsáætlun mun því vera unnin á haustmánuðum 2025 og gilda til 2029. Áætlun hvers árs er yfirfarin að hausti og kynnt á starfsmannafundi. Stjórnendur fylgja eftir sjálfsmatsáætlun, aðstoða við fyrirlögn kannana, vinna úr niðurstöðum þeirra og sjá til þess að kynna niðurstöður fyrir starfsmönnum, nemendum og foreldrum.

Nánari upplýsingar um [Sjálfsmatsáætlunina](#)

Matsáætlun 2025-2029

Matsáætlun Gerðaskóla byggir bæði á innra og ytra mati. Matið er í gangi allt árið, en niðurstöður koma jafnt og þétt yfir veturinn svo að strax sé hægt að bregðast við þeim með umbótaáætlun eða annars konar aðferðum. Samantekt á niðurstöðum er síðan birt í lok hvers skólaárs auk umbótaáætlunar.

Ytra mat

Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðilum svo sem Fræðsluskrifstofu, Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs hjá Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Námsmatsstofnun, Sambandi

Íslenskra sveitarfélaga og fleiri aðilum. Ytra mat sem fyrirhugað var að leggja fyrir á skólaárinu 2024-2025 er eftirfarandi:

- LOGOS skimanir í 6. og 9. bekk.
- Pisa könnunar í 10.bekk

Innra mat

Innra mat er framkvæmt af þeim sem vinna í skólanum og er unnið á þeim forsendum. Starfsmenn skólans taka ákvörðun um hvað á að meta, hver viðmiðin eiga að vera og leggja fram umbótaáætlanir þar sem þörf er á.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg viðbrögð við innra mati þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð. Innra mat Gerðaskóla er eftirfarandi:

- Lesferill
- Leið til læsis
- Starfsmannasamtöl
- Skólapúlsinn, nemenda (árlega), foreldra (annað hvert ár) og starfmannakönnun (annað hvert ár)
- Spurningalistar fyrir nemendur
- Samtöl/Skólaping við nemendur í 6. – 10. bekk.
- Skólaping Gerðaskóla fyrir alla aðila skólasamfélagsins
- Talnalykilsskimanir í 3. og 6. bekk.
- Tengslakönnun

Í matsáætlun Gerðaskóla er sjálfsmatsverkefnum vetrarins skipt niður á mánuði. Þegar hverjum matsþætti er lokið er niðurstöðum skilað og unnið að úrbótum. Hér má sjá áætlun vetrarins.

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Ágúst/sept.	• Kynning á matsáætlun • Lokayfirferð og útgáfa skólanámskrár og starfsáætlunar • Útgáfa bekkjanámsskráa fyrir hvert fag og mat á þeim.	Skólastjórnendur Skólastjórnendur Kennarar/ skólastjórnendur
September	• Mat á kennslu hefst • Einstaklingsnámskrárgerð • Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Allir kennarar Umsjónakennarar/kennarar og verkefnastjóri sérkennslu. Skólastjórnendur
Október	• Samskiptadagur, viðræður við foreldra og nemendur um líðan og nám.	Umsjónarkennarar og aðrir kennarar

	• Leið til læsis skimun í 1. bekk • Talnalykilsskimun í 6. bekk • LOGOS skimun í 6. bekk	Verkefnastjóri læsis og umsjónarkennarar Verkefnastjóri læsis Kennsluráðgjafi FRÆ
Nóvember	• Talnalykilsskimun í 3. bekk • Skil á niðurstöðum úr LOGOS í 6. bekk.	Verkefnastjóri læsis Kennsluráðgjafi FRÆ
Desember	• Mat á valgreinum, 8. - 10. bekkur.	Náms- og starfsráðgjafi
Janúar	• Fundir með nemendum í 6. – 10. bekk (hvað þau eru ánægð með, hvað má betur fara, hvað getum við gert til að öllum líði vel) • Mat á kennslu hefst þ.e. skólastjórndur fylgjast með kennslu og ræða við kennara í kjölfarið. • Sjálfsmat nemenda • Samskiptadagur • Skólapúlsinn - fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Skólastjórndur og náms- og starfsráðgjafi Skólastjórndur Umsjónarkennarar og náms- og starfsráðgjafi Umsjónarkennarar Skólastjórndur
Febrúar	• Mat á kennslu-áframhald • Matsfundur í skólaráði • Endurmat LOGOS skimun 6. bekkur	Skólastjórndur Skólastjóri/skólaráð Kennsluráðgjafi FRÆ
Mars	• Starfsmannasamtöl • Skólapúlsinn – Starfsmannkönnun • LOGOS-skimun í 9. bekk	Skólastjórndur Skólastjórndur Kennsluráðgjafi FRÆ
Apríl	• Skólapúlsinn - Starfsmannakönnun, úrvinnsla og kynning	Skólastjórndur
Mái	• Mat á skólanámskrá og bekkjanámskrám skv. viðmiðum • Mat á námi • Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk úrvinnsla og kynning • Vorskýrsluvinna hefst	Skólastjórndur/Kennarar Kennarar Skólastjórndur Deildastjóri/kennarar
Júní	• Vorskýrslur kláraðar • Yfirferð lögbundinna áætlana • Samantekt um innra mat • Stoðþjónustuskýrsla • Skýrsla Hagstofu	Deildastjóri/kennarar Skólastjóri Skólastjórndur Deildarstjóri Skólastjóri/deildarstjóri

5. Niðurstöður

Samskiptadagur

Á fyrri samskiptadeginum í október voru nemendastýrð samtöl í 6. – 10. bekk. Fyrir samskiptadaginn var unnið vel með markmiðasetningu og fengu nemendur leiðbeiningar með

hvað ætti að koma fram í þeirra kynningu. Markmiðið með þessu var að auka þátttöku nemenda í að meta nám sitt, fara yfir hvað gangi vel ásamt því að finna leiðir hvernig hægt er að bæta það sem þarf að gera betur. Almenn ánægja var með það fyrirkomulag, jafnt hjá nemendum, kennurum og foreldrum. Nemendur fengu tíma í skólanum til að undirbúa samtalið. Seinni samskiptadagurinn í janúar var með hefðbundnu sniði. Farið var yfir nám og líðan nemandans í skólanum.

Skólaráð

Skólaráð fundaði tvisvar sinnum á þessu skólaári. Starfsáætlun og skóladagatal voru kynnt og starfsáætlun lögð fram til samþykktar. Einnig var rætt um breytingar á stjórnendateymi skólans og nýtt verklag um skólasókn kynnt. Sagt var frá fyrirhuguðu skólaþingi sem haldið var á skólaárinu sem og undirrituninni á viljayfirlýsingu um að hefja innleiðingarferli sem UNESCO skóli. Hægt er að nálgast fundargerðir á [heimasíðu skólans](#).

LOGOS-skimanir

Unnið er samkvæmt verklagi Fræðslusviðs Suðurnesjabæjar um Logos skimanir. Nemendur í 6. bekk sem ná ekki viðmiðum 1 samkvæmt leslimivíðmiðum Menntamálastofnunar fara í LOGOS-lesskimun árlega. Deildarstjóri, verkefnastjóri læsis, umsjónar-, og íslenskukennari eiga samtál varðandi stöðu nemenda í 9. bekk og mögulegt inngrip. Logos er greiningartæki sem notað er til að greina lestrarerfiðleika hjá börnum. Nemendur í þessum bekkjum eru prófaðir í leshraða og lesskilningi. Þeir nemendur sem koma út með slaka færni í leshraða eru jafnframt prófaðir í tveimur lestraraðferðum, það er lestri út frá rithætti og lestri með hljóðaaðferðinni. Skimunin er stöðluð og sýnir stöðu nemandans í hundraðsröðun miðað við jafnaldra.

Viðmið samkvæmt Logos:

Nemendur sem eru á bilinu 0-15 eru í áhættuhópi og þarf að bregðast við með markvissri kennslu og frekari námsúrræðum.

Nemendur sem eru á bilinu 15-30, eru með væga erfiðleika og ættu að ná færni með frekari þjálfun bæði í skóla og heima.

Nemendur sem eru yfir 30 eiga ekki við erfiðleika að stríða í lestri og nemendur yfir 70 hafa náð mjög góðum tókum á lestri.

Ef nemendur eru með 7 villur eða fleiri í stafsetningu þurfa þeir meiri þjálfun.


Talnalykils-skimun

Nemendur í 3. og 6. bekk fara í Talnalykilsskimun (stærðfræðiskimun) árlega. Notast var við hópskimun Talnalykilsins. Í skimuninni er verið að skoða hvort nemendur hafi náð færni í grunnþáttum stærðfræðinnar miðað við lok 3. og 6. bekkjar. Kannað er hvort þeir kunni helstu reikniaðgerðir og geti beitt þeim. Niðurstöður skimunarinnar eru nýttar til að þjálfva enn frekar þá þætti sem nemendur þurfa frekari þjálfunar við bæði í skóla og heima. Prófatriðin hjá 3. bekk eru 13 talsins en í 6. bekkjarskimuninni eru sömu atriði prófuð auk 22 annarra þátta.

Verkefnastjóri læsis leggur skimunina fyrir og settu stjórnendur það sem viðmið að nemendur nái 70% árangri í skimuninni.

3. bekkur


Gerðaskóli Talnalykill 3. bekkur 2012-2024



Niðurstöður úr 3. bekk bentu til þess að sextán nemendur af 20 væru með yfir 70 % árangur í skimuninni. Einn nemandi kom út með mjög slaka færni. Einn nemandi var með árangur á milli 50 – 70%. Niðurstöður sýna að þessi árgangur kemur sterkur út úr skimuninni.

6. bekkur

Gerðaskóli Talnalykill 6. bekkur 2012-2024



Niðurstöður úr 6. bekk benda til þess að átján nemendur af 31 séu undir 50% árangri í simuninni. Átta nemendur voru með árangur milli 50-70% og fimm nemendur voru yfir 70% árangur. Niðurstöður benda til þess að það þarf sýnilega að grípa til ráðstafanna hjá þessum hóp og leggja aukna áherslu á stærðfræðikennslu í þessum hóp.

Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er matstæki sem skólinn notar til að meta viðhorf nemenda í 6. - 10. bekk, foreldra og starfsmanna til hinna ýmsu þátta í skólastarfinu. Þegar farið er yfir niðurstöður skólapúlsins þá eru dregnir fram þeir þættir í niðurstöðum þar sem munur á milli talna Gerðaskóla og landsmeðaltals er tölfraðilega marktækur. Viðmiðunarregla er að munur upp á 0,5 stig telst ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig og meira telst mikill munur. Mælingar eru ýmist birtar sem tugabrot eða prósentutala. Í niðurstöðum eru dregnir fram þeir þættir þar sem munur á milli niðurstaðna þátta í Gerðaskóla er tölfraðilega marktækur miðað við landsmeðaltal, sem og aðrar athyglisverðar niðurstöður sem vert þykir að komi fram. Viðmið Gerðaskóla er að vera við landsmeðaltal eða sýna betri árangur. Á meðfylgjandi töflum má sjá niðurstöður úr hverjum matsþætti fyrir sig. Á bakvið hvern námsþátt eru svo nokkrar spurningar, sem saman mynda þessar niðurstöður. Dálkurinn „niðurstaða“ segir til um niðurstöðu Gerðaskóla, „N“ segir hversu mörg svöruðu, „breyting“ sýnir breytingu frá síðustu könnun, „landið“ er niðurstaða yfir landið allt og „mismunur“ segir hver munurinn er milli skólans og landsins. Rauðar tölur eru svo neikvæð niðurstaða fyrir skólann og grænar jákvæðar. Stjörnumerkur mismunur þýðir að munurinn milli skólans og landsins alls sé marktækur.

Nemendakönnun

Allir nemendur í 6. - 10. bekk eru beðnir um að svara könnuninni en þeir tóku könnunina í þremur hollum, í september, janúar og í maí. Val spurninga í nemendakönnuninni byggir á rannsóknum á íslenskum PISA gögnum, kvörðum hjá Menntamálastofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókn.

Alls voru 103 nemendur sem svöruðu könnuninni eða 85,8% svarhlutfall. Spurningarnar tengdust virkni í skólanum, heilsu og vellíðan nemenda og skóla- og bekkjaranda.

Niðurstöður

Í flokknum **virkni nemenda í skólanum** voru kannaðir átta þættir

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	3,8	102	0,1	4,2	19.656	-0,4*
1.2. Prautseigja í námi	4,2	103	0,1	4,5	19.793	-0,3
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,7	103	0,1	4,5	20.045	0,2
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,0	102	-0,2	4,3	19.985	-0,3
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,0	102	0,0	4,4	19.737	-0,4*
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,6	103	0,0	4,8	19.976	-0,2
1.7. Hlutfall nemenda með snjallsíma	70,9%	73/103	1,8%	78,9%	15071/19452	-8,0%
1.8. Símanotkun á skólatíma	0,7 klst.	73	-0,2 klst.	0,5 klst.	15.018	0,2 klst.*

Í flokknum **líðan og heilsa** voru kannaðir ellefu þættir

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	3,7	103	-0,1	4,4	19.654	-0,7*
2.2. Stjórn á eigin lífi	3,4	103	-0,5	4,3	19.581	-0,9*
2.3. Velliðan	3,7	103	-0,5	4,4	19.824	-0,7*
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	36	-	-	-	-
2.5. Einelti	6,3	103	0,3	5,7	19.768	0,6*
2.6. Tíðni eineltis	27,5%	28/102	4,3%	15,8%	3177/19680	11,7%*
2.7. Staðir eineltis	-	26	-	-	-	-
2.8. Í mataráskrift	89,2%	91/102	11,3%	89,2%	17614/19669	0,0%
2.9. Oftast góður eða frekar góður matur	35,1%	33/94	-17,5%	40,7%	7614/18591	-5,6%
2.10. Af hverju ertu ekki í mataráskrift	-	7	-	-	-	-
2.11. Ábendingar nemenda um matinn í skólanum	-	51	-	-	-	-

Í flokknum skóli og bekkjarandi voru kannaðir fimm þættir

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,3	103	-0,1	4,8	19.453	-0,5*
3.2. Samband nemenda við kennara	4,8	103	0,2	4,8	19.648	0,0
3.3. Agi í tímum	4,6	103	0,5	4,8	19.629	-0,2
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,8	103	-0,3	4,8	19.500	0,0
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	4,9	103	-0,4	4,8	19.529	0,1

Niðurstöðurnar sýna margvíslega þætti í námi nemenda. Ánægja með lestur er metin 3,8 af 5, en er með -0,4 í samanburði við landsmeðaltal. Þrautseigja í námi mælist 4,2 og sýnir 0,1 hækkun frá fyrri mælingum, en er samt 0,3 undir landsmeðaltali. Áhugi á stærðfræði er mun hærri, 4,7, og 0,2 yfir landsmeðaltali. Ánægja af náttúrufræði er 4,0, sem er lækkun um 0,2 og 0,3 undir landsmeðaltali.

Starfsfólk skólans mun í framhaldinu halda áfram að koma á fleiri hvetjandi lestrarverkefnum og auka fjölbreytileika í lesefni til að örva áhuga. Halda áfram að styðja við þrautseigju með verkefnum sem reyna á lausn vandamála og sjálfstæða vinnu. Koma á lifandi kennslustundum

og vettvangsferðum til að gera efnið áhugaverðara. Bjóða upp á markvissari ráðgjöf og styrkingu trúar nemenda á eigin getu með einstaklingsmiðaðri kennslu. Kynna tækifæri til snjallsímanotkunar í námi og setja skýrari reglur um notkun í kennslustundum. Sem og að sækja sér endurmenntun sem stuðlar að uppbyggingu nemenda.

Niðurstöðurnar úr flokknum líðan og heilsa sýna að sjálfsálit nemenda er 3,7, sem er lægra en landsmeðaltal um 0,7. Stjórn á eigin lífi er einnig undir meðaltali, mæld 3,4 með 0,9 mun. Vellíðan er 3,7, 0,7 undir landsmeðaltali. Einelti er sérstakt áhyggjuefni, með tíðni 27,5% sem er 11,7% yfir landsmeðaltali, og eineltistölur hækka um 0,3 frá síðustu mælingu.

Huga þarf vel að líðan nemenda með fjölbreyttum aðferðum. Gerðaskóli er með velferðarkennslu í skólanum sem við komum til með að halda áfram með sem og ýmsar valgreinar sem auka sjálfsálið vellíðan nemenda. Mjög mikilvægt er að nemendum okkar líði vel í skólanum til að ná árangri bæði í félagslegum og bóklegum fögum.

Niðurstöðurnar úr flokknum skóli og bekkjarandi sýna að samsömun við nemendahópinn er 4,3, sem fellur 0,5 undir landsmeðaltal. Samband nemenda við kennara er metið 4,8 og samsvarar landsmeðaltalinu með 0,2 hækkun. Agi í tímum mælist á 4,6, sem er aukning um 0,5 en 0,2 undir landsmeðaltali. Virk þátttaka nemenda er 4,8, óbreytt frá landsmeðaltalinu, en lækkar um 0,3. Tíðni leiðsagnarmats stendur í 4,9, með 0,1 yfir landsmeðaltali þrátt fyrir 0,4 lækkun. Þetta gefur til kynna þörf fyrir að styrkja tengsl innan nemendahópsins og halda áfram að bæta agastjórnun.

Kennarar Gerðaskóla skoða reglulega nýjungar í kennsluháttum og þróun menntamála. Teymiskennsla kemur til með að halda áfram hjá okkur og til stendur að auka vægi samþættingar á öllum stigum. Samþættingarverkefnið Bræðingur á unglingastigi virðist hafa aukið virkni, áhuga og þrautseigju í náminu. Áfram verður unnið með þróun þess verkefnis.

Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun fór fram í mars og mældi 22 almenna þætti. Starfsmannakönnunin fer fram á netinu og er send á tölvupóstföng allra starfsmanna samkvæmt starfsmannalista sem tengiliður Skólapúlsins skilar inn í febrúar. Niðurstöðurnar eru svo birtar á vefsvæði þátttökuskólanna í apríl. Niðurstöður einstakra matsþátta eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalniur (e. stanines). Staðalniur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalniukvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþátta fyrir sig. Viðmið staðlaða kvarðans voru fastsett við fyrstu fyrirlögn og því merkir talan 5 á staðlaða kvarðanum dæmigerð viðhorf starfsfólks almennt við fyrstu fyrirlögn. Í undantekningatilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun. Viðmiðunarhópur þessarar rannsóknar samanstendur af svörum starfsmanna þeirra grunnskóla sem tóku þátt í könnuninni og náðu viðundandi svarhlutfalli. Skólarnir voru ólíkir af gerð og staðsetningu og í þeim var stór hluti allra starfsmanna grunnskóla á landinu. Öryggismörk í marktektarprófum eru 90%. Lágmarksvarhlutfall í hverjum skóla var 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru

niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf starfsfólks í skólanum. Niðurstöður skóla með lægra en 60% svarhlutfall eru ekki birtar.

Fjöldi þátttakenda var 64. Svarendur voru 60 eða 93,8%.

Niðurstöður

Í flokknum **Starfið** var spurt um fjóra þætti

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	4,5	58	0,4	5,0	2.033	-0,5*
1.2. Skýrleiki hlutverks	5,1	58	-0,7	4,8	2.029	0,3
1.3. Ágreiningur um hlutverk	4,6	58	0,5	5,1	2.032	-0,5*
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	5,3	58	-0,4	5,0	2.031	0,3

Í flokknum **Starfsfólk** var spurt um sex þætti

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	5,3	58	-0,3	5,0	2.003	0,3
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	5,5	58	-0,4	5,1	2.002	0,4*
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	4,6	58	0,3	5,2	2.000	-0,6*
2.4. Ræktun mannauðs	5,8	53	0,1	5,3	1.945	0,5*
2.5. Starfsmannasamtöl undanfarið ár	98,1%	51/52	-0,1%	77,3%	1419/1835	20,8%*
2.6. Gagnsemi starfsmannasamtala	92,0%	46/50	1,1%	88,5%	1190/1345	3,5%

Í flokknum **Vinnustaðurinn** var spurt um ellefu þætti

Sjálfsmatsskýrsla Gerðaskóla skólaárið 2024-2025

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	5,6	58	-0,2	5,3	1.991	0,3
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	6,2	57	-0,4	4,8	1.923	1,4*
3.3. Styttling vinnuviku	78,7%	37/47	-	76,1%	1160/1525	2,6%
3.4. Ánægja með styttlingu vinnuviku	48,6%	18/37	-	42,7%	494/1157	5,9%
3.5. Stuðningur frá samstarfsfólki	5,7	57	-0,2	5,2	1.982	0,5*
3.6. Stuðningur við nýsköpun	5,9	57	-0,1	5,2	1.975	0,7*
3.7. Mismunur	4,7	57	0,1	4,7	1.978	0,0
3.8. Einelti (þú)	0%	0/57	-1,8%	1,9%	38/1974	-1,9%
3.9. Einelti (annar en þú)	3,5%	2/57	-3,6%	6,5%	127/1958	-3,0%
3.10. Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)	0%	0/57	-1,8%	2,3%	46/1958	-2,3%
3.11. Kynferðisleg áreitni	0%	0/57	-3,6%	1,0%	20/1976	-1,0%

Í flokknum **Stjórnun** var spurt um sex þætti

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	5,7	56	0,1	5,3	1.928	0,4*
4.2. Sanngjörn forysta næsta yfirmanns	5,8	56	0,3	5,4	1.917	0,4*
4.3. Valdeflandi forysta næsta yfirmanns	5,5	56	-0,2	5,2	1.911	0,3
4.4. Stuðningur frá öðrum yfirmanni	-	-	-	-	-	-
4.5. Sanngjörn forysta annars yfirmanns	-	-	-	-	-	-
4.6. Valdeflandi forysta annars yfirmanns	-	-	-	-	-	-

Í flokknum **Kennarar - Kennarastarfið** er spurt um ellefu þætti

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Ánægja með kennarastarfið	5,7	29	0,2	5,2	1.165	0,5
5.2. Trú kennara skólans á eigin getu	4,8	28	-0,6	5,1	1.146	-0,3
5.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	5,0	28	-0,5	5,2	993	-0,2
5.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	36,6 mín	25	0,9 mín	40,3 mín	1.009	-3,7 mín
5.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	82,8%	24/29	2,2%	62,2%	732/1176	20,6%*
5.6. Öllum bekknum kennt í einu	33,3%	9/27	-11,1%	48,4%	531/1096	-15,1%
5.7. Hópavinna í bekk	10,7%	3/28	-15,2%	36,5%	378/1037	-25,8%*
5.8. Einstaklingsvinna í bekk	20,7%	6/29	-17,2%	31,5%	350/1111	-10,8%
5.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	53,3%	16/30	0,0%	55,5%	625/1126	-2,2%
5.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	19,2%	5/26	9,2%	14,7%	155/1055	4,5%
5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	73,3%	22/30	-13,4%	75,8%	870/1147	-2,6%

Í flokknum Kennarar – Starfsumhverfi kennara er spurt um fimm þætti

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	5,4	27	-0,1	5,0	1.017	0,4
6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	5,6	25	-0,1	5,2	1.004	0,4
6.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	5,7	29	0,0	5,4	1.136	0,3
6.4. Samráð um kennslu	4,8	28	-0,1	5,4	1.093	-0,6*
6.5. Samvinna um kennslu	6,1	25	0,8	5,7	998	0,4

Í flokknum Kennarar – Símenntun kennara er spurt um sex þætti

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	59,3%	16/27	-4,0%	53,1%	597/1125	6,2%
7.2. Símenntunarbörf kennara	5,1	29	-0,4	5,3	1.126	-0,2
7.3. Símenntunarbörf kennara (annað)	-	0	-	-	-	-
7.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	53,6%	15/28	13,6%	44,0%	499/1134	9,6%
7.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.	-	28	-	-	-	-

Niðurstöðurnar í flokkum starfið benda til þess að vinnulag og ágreiningur um hlutverk liggi örlítið undir meðaltali samanborið við landið, en skýrleiki hlutverks og jákvæðar áskoranir í starfi er yfir meðaltali samanborið við landið.

Í flokknum starfsfólk eru allir þættir yfir landsmeðaltali.

Niðurstöður úr flokkum vinnustaðurinn eru allir þættir yfir landsmeðaltali með sérstaka styrkleika í ánægju með vinnuaðstöðu og jákvæða reynslu af styttingu vinnuviku. Mælingar á einelti og kynferðislegri áreitni eru mjög jákvæðar, þar sem engar tilkynningar um einelti eða kynferðislega áreitni hafa verið tilkynntar í Gerðaskóla.

Niðurstöðurnar úr flokknum stjórnin sýna sterkan stuðning og sanngjarna forystu frá næsta yfirmanni með jákvæðum niðurstöðum yfir landsmeðaltali í öllum liðum.

Niðurstöðurnar úr flokkum kennarar – kennarastarfið eru sterkir punktar í ánægju og undirbúningi, en hópvinna og einstaklingsvinna þarfnast athygli.

Starfsfólk telur sig almennt fá góðan stuðning, sérstaklega í samvinnu og faglegum stuðningi, þó að samráð um kennslu mætti styrkja.

Niðurstöður úr flokknum símenntun sýna gott framboð á símenntunar-dögum, en þörf er á auknu framboði til að mæta auknum áhuga kennara á símenntun.



Á heildina litið kemur könnunin vel út en hafa ber í huga að við í Gerðaskóla erum samt aðeins að lækka í mörgum þáttum frá því að könnunin var lögð fyrir síðast og það er eitthvað sem þarf að rýna í og gera ráðstafanir með.

Annað mat


Lestrarskimanir

Innan skólans er sérstök áhersla lögð á lestrarkennslu og allir nemendur eru með heimalestrarmöppu. Gerð er krafa um að allir lesi heima ákveðin tíma á dag eða ákveðin fjölda blaðsíðna. Þá fara allir nemendur skólans í lesfímipróf að minnsta kosti þrisvar á ári. Ef árangur er ekki viðunandi þá eru orðleysupróf lögð fyrir og athugaður er sjónrænn orðaforði. Þá er Leið


til læsis skimunin lögð fyrir nemendur í 1. bekk. Jafnóðum er unnið út frá niðurstöðum þessara prófa.



Hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum
Gerðaskóli, maí 2025



Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum
Gerðaskóli, maí 2025



Þeir nemendur í 2. – 4. bekk sem ekki ná viðmiðum fá auka lestrarþjálfun hjá sérkennara. Nemendum í 1. bekk er skipt í hópa eftir færni eftir Leið til læsis skimunina. Þannig er þörfum hvers og eins mætt betur. Með aukinni teymiskennslu í 5. – 7. bekk fengu þeir nemendur sem á þurftu að halda auka lestrarþjálfun hjá kennara. Eins og sjá má á niðurstöðum hér að ofan þarf að fara vel yfir lestrarkennsluna og samvinnu við heimilin. Mikilvægt er að mikil samstaða ríki um þjálfunarpáttinn. Áberandi er slakur árangur nemenda í 6. bekk og var brugðist við með því að verkefnastjóri læsis vann markvisst með hóp úr þessum árgangi sem þurfti á auka lestrarkennslu að halda.

Íslenska æskulýðsrannsóknin


Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar var lögð fyrir í Gerðaskóla vorið 2024. Menntavísindastofnun Háskóla Íslands framkvæmir rannsóknina fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið á grundvelli 12 gr. æskulýðslaga nr. 70/2007.

Markmið rannsóknarinnar er að safna gögnum um viðhorf barna og ungs fólks til ýmissa

þátta sem snúa að farsæld þeirra: (1) menntun, (2) lífsgæðum og félagslegri stöðu, (3) heilsu og vellíðan, (4) öryggi og vernd og (5) þátttöku í íþrótt-, tómstunda- og samfélagsstarfi og félagslegum tengslum.


Rannsóknargögnin eru nýtt við stefnumótun í málefnum barna og ungmenna og ákvörðunum um hvaða þjónusta þurfi að standa börnum til boða á hverjum tíma.

Fjöldi þátttakenda var 174. Svarendur voru 145 eða 83,3 %.




Menntun er mikilvægur þáttur í að hlúa að þekkingu barna, ýmis konar færni og gagnrýnni hugsun sem er mikilvæg við að leita lausna í samfélaginu en einnig til að glíma við áskoranir sem heimurinn stendur frammi fyrir í umhverfis-, friðar- og mannréttindamálum.

Gerðaskóli sýnir almennt svipaða eða betri niðurstöður í samanburði við landið í heild þegar kemur að ánægju með skólann og lestur í frítíma. Hins vegar er líðan í kennslustundum lægri hjá nemendum í 6.-10. bekk í Gerðaskóla. Lestrarvenjur mælast aðeins hærrí í 4.-5. bekk í Gerðaskóla en víðast hvar á landinu.



Fjölmargar alþjóðlegar og íslenskar rannsóknir hafa bent á mikilvægi þess að tryggja félags- og efnahagslega stöðu barna þar sem lakari staða eykur líkur á að þeim farnist verr í lífinu; heilsa og líðan verði lakari, menntun þeirra og þátttaka í samfélaginu minni og að þau verði útsettari fyrir áföllum og að njóta minni verndar og öryggis.


Nemendur í 4.-10. bekk í Gerðaskóla mælast undir landsmeðaltali þegar kemur að því að fá tilfinningarlegan stuðning og hjálp frá fjölskyldu sinni.



Góð heilsa, andleg og líkamleg, er lykilþáttur í velferð barna og möguleikum þeirra til að blómstra og nýta hæfileika sína. Heilbriggt líferni, hreyfing, gott matarræði og nægur svefn skiptir sköpum fyrir þroska barna og ungmenna og styður við farsæld þeirra bæði í samtíð og framtíðar. Markaðssetningu á ýmsum tískuvörum sem ekki styðja við velferð er gjarnan beint að börnum og því þarf samfélagið að fá upplýsingar um lífsstílsþætti og heilbrigði barna og ungs fólks til þess að geta sinnt virkum forvörnum og boðið rétta stuðningsþjónustu.


Þreyta, kvíði og einmanaleiki eru algengari meðal nemenda í Gerðaskóla en víða annars staðar. Þetta getur haft áhrif á líðan og námsárangur nemenda.

Ánægja með lífið og mat á eigin heilsu mælist marktækt lægra í Gerðaskóla.



Það er skylda samfélagsins að tryggja börnum öryggi og vernd á heimili sínu og í nærumhverfi þeirra. Þrátt fyrir það er vitað að mörg börn sæta ýmis konar ofbeldi eða verða vitni að því. Margs konar hættur steðja jafnframt að þeim sem snúa að aðgengi að vímuefnum og varasömu efni á netmiðlum eins og ofbeldi. Því skiptir máli að vita á hverjum tíma hver staðan er á þessu sviði.

Hlutfall nemenda sem upplifa sig einmana er örlítið hærra í Gerðaskóla en annars staðar á landinu og nemendur sem telja sig hafa orðið fyrir einelti mælist töluvert hærra miðað við landsmeðaltal hjá nemendum 4.-7. bekk í Gerðaskóla. Þessar niðurstöður kallar á aukið eftirlit og stuðning innan skólans.



Virk þátttaka barna og félagsleg tengsl eru mikilvægur þáttur í að efla trú barna á eigin getu, sjálfsmynd og þrautseigju. Börn og ungt fólk sem eru að takast á við áskoranir hafa lýst því að virk þátttaka og félagsleg tengsl hafi verið bjargráð í erfiðum aðstæðum og aukið seiglu þeirra.

Þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi hjá nemendum í 4.-5. bekk í Gerðaskóla er á pari við landsmeðaltal en hjá nemendum í 7.-10. bekk eru niðurtöðurnar marktækt minni í Gerðaskóla. Þetta gæti haft áhrif á félagsfærni, hreyfingu og lífsánægju barna og unglinga.

Tengslakönnun nemenda

Á yfirstandandi skólaári var ákvörðun tekin um að leggja ekki fyrir tengslakannanir, í ljósi þess að nýr náms- og starfsráðgjafi var ráðinn og er nú á þeirri vegferð að ná fullum tókum á starfinu. Við í Gerðaskóla leggjum mikla áherslu á að innleiða þessa mikilvægu aðferðafræði á skipulegan hátt og tryggja þannig að hún stuðli að auknum tengslum og stuðningi fyrir bæði nemendur og starfsfólk.

Starfsmannasamtöl

Allir starfsmenn skólans fóru í starfsmannasamtal í mars 2025. Starfsmenn svöruðu spurningalista á netinu þar sem lögð var áhersla á styrkleika, sjálfsskoðun og óskir starfsmanna. Þegar starfsmenn voru búnir að svara spurningalistanum voru þeir boðaðir til samtals. Í samtalinu voru svör starfsmanna rædd ásamt öðru sem starfsmaðurinn vildi ræða.

Umbótaáætlun Gerðaskóla 2025-26

Umbótaáætlun er unnin út frá niðurstöðum sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2024-2025. Áætlunin er kynnt starfsfólki að hausti og unnið að framkvæmd hennar skólaárið 2025-2026. Ábyrgðaraðilar sem eru feitletraðir í áætluninni leiða vinnu hvers þáttar. Þeir vinna að settum markmiðum með öðrum ábyrgðaraðilum ásamt öðru starfsfólki skólans eða hagsmunaaðilum ef við á.

Umbótaáætlun 2025-26

Umbótapættir	Markmið	Leiðir að umbótum	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Aðgerðir metnar
Viðfangsefni sem þarfnast umbóta	Hvaða markmiði á að ná í þættinum	Hvaða aðgerð(ir) stuðlar að umbótum	Hvenær hefst og hvenær lokið	Ábyrgðaraðili framkvæmda	Hvernig er árangur metinn	Tímasetning mats
Ánægja af lestri 6-10 bekk	Auka ánægju frá mælingu vor 2025		Yfir skólaárið	Læsis-teymi	Nemendakönnun Skólapúls. Sjálfstæðar mælingar	Lok skólaárs 2026
Trú á eigin vinnubrögð í námi 6.-10. bekkur	Bæta niðurstöðu frá mælingu vor 2025. Ná landsmeðaltali		Yfir skólaárið	Náms og starfsráðgjafi. Ums jónarkennarar og Sterk og stolt teymi	Nemendakönnun Skólapúls. Sjálfstæðar mælingar	Lok skólaárs 2026

Sjálfsmatsskýrsla Gerðaskóla skólaárið 2024-2025

Líðan og heilsa nemenda 6.-10 bekkjar	Bæta niðurstöður úr síðustu könnun. Sérstaklega meðal stúlkna	Vinna samkvæmt forvarnar áætlun. Sjálfsvinna í kennslu. Fræðsla	Yfir skólaárið. Í umsjónar og lífsleikni tímum. Einstaklingsviðtölum	Náms og starfsráðgjafi Umsjónarkennarar Skólahjúkrunarfr. Atferlisfr. Sterk og stolt teymi	Nemendakönnun Skólapúls. Sjálfstæðar mælingar	Lok skólaárs 2026
Einelti	Draga verulega úr einelti. Ná því niður í landsmeðaltal	Vinna með hópa þar sem einelti er mikið. 7. og 8. bekkur. Kortleggja og bregðast við	Fyrir áramót	Samskiptateymi Umsjónarkennarar	Nemendakönnun Skólapúls. Tengslakannanir. Nemendaviðtöl	Upphaf 2026. Lok 2026
Samráð um kennslu	Ná landsmeðaltali skv. Skólapúls	Hvetja til og búa til svigrúm til samráðs. Fræið.	Yfir skólaárið	Deildarstjóri fagstarfs Stjórnendur	Starfsmannkönnun Skólapúls og sjálfstæðar mælingar	Upphaf 2026. Lok 2026
Árangur í læsi	Bæta niðurstöður lesferils	Markviss læsis og ritunarkennsla í minni hópum	Yfir skólaárið	Læsisteymi Umsjónarkennarar. Verkefnastjóri læsis. Talmeinafræðingur	Lesferill	September, janúar, maí

Sjálfsmatsskýrsla Gerðaskóla skólaárið 2024-2025

Vellíðan á vinnustað	Auka ánægju og vellíðan		Yfir skólaárið	Allir	Starfsmannkönnun Skólapúls og sjálfstæðar mælingar	Lok 2026
----------------------	-------------------------	--	----------------	-------	--	----------

Lokaorð

Sjálfsmat skóla á að vera í gangi allt skólaárið og er það gert til að auka gæði skólastarfsins. Matið á að segja til um styrkleika í starfi skólans og það sem betur má fara. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir því mati sem framkvæmt var á þessu skólaári, lagt mat á það og tillögur gerðar til úrbóta þar sem við á.

Matið á að nýtast öllum í skólasamfélaginu til að bæta skólastarfið og leggja línurnar fyrir næsta skólaár.